

Basar í Geysi

Fyrirhugað er að halda basar á 3. hæð í Geysi fimmtudaginn 1. júlí 2004 klukkan 14.00 - 18.00. **Ef veðrið verður gott flytjum við basarinn út.**

Á basarnum verður selt ýmislegt sem klúbbum hefur verið gefið, föt, unaðssápur og margt fleira spennandi. Þeir sem áhuga hafa að taka þátt, eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á lista í móttöku. Ágóði basarsins rennur í ferðasjóð Klúbbsins Geysis. Endilega látið vini og ættingja vita af basarnum.

Símafundur með Kevin Bradley

Þann 25 júní síðastliðinn voru Óðinn, Benni og Anna á símafundi við Kevin Bradley, framkvæmdastjóra Genisis House. Rætt var um stöðu Framkvæmda-áætlunarinnar sem gerð var í þjálfuninni síðastliðið haust. Klúbburinn þarf að fylgja henni eftir til að fá vottun ICCD.

Að sögn Óðins gekk fundurinn vel og var Kevin mjög ánægður með hvernig klúbbum gengur með áætlunina. Kevin er að vonast til að geta komið til okkar í haust til að undirbúa úttekt klúbbsins.

Félagar munið að skrá ykkur í hádegismat fyrir klukkan 10.00

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.
Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

Framundan í júlí

Fimmtudagurinn 1. júlí
Opið hús milli 16:00 til 21:00
J

Fimmtudagurinn 1. júlí
Basar sem mun standa frá kl. 14:00 til 18:00
J

Laugardagurinn 10. júlí Á að ganga á Valaból fyrir ofan Hafnarfjörð ef veður leyfir. Mæting er kl. 13:00 í klúbbum.
J

Fimmtudagurinn 15. júlí
Mæting á Cafe Puccini, Vitastíg 10a kl 20:00

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagar til mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

07. tölublað, júlí 2004

Litli Hver



Fimm fögur fljóð á siglingu um Vestmannaeyjar

Hópur af félögum, starfsmönnum og stjórnarmaður í Geysi skruppu til Vestmannaeyja yfir sjómannadagshelgina. Einn félagi skrifaði grein um ferðina og hana má lesa á opnu Hversins.



Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166
Netfang: geysir@heimsnet.is
Veffang: www.kgeysir.is

Vestmannaeyjarferð

Þann 4. júní hélt hópur félaga og starfsmanna alls 27 í hina árlegu sumarferð. Einnig var Jóhanna María stjórnarformaður okkar með í ferð og reyndist hún okkur mjög vel eins og hennar var von og vísa.. Að þessu sinni var stefnan sett á Vestmannaeyjar. Hópurinn hittist fyrst fyrir utan klúbbhúsið í Skipholtinu og raðaði sér niður á bíla áður en haldið var af stað til Þorlákshafnar. Ferðin til Eyja með Herjólfri tókst vel, þótt eitthvað hafi verið um að fólk hafi fundið til sjóveiki. Þegar til Eyja kom tók þar á móti okkur fararstjórinn okkar í Eyjum sem kallaður er Simmi og sá hann um að keyra okkur til Skátaheimilisins þar sem við gistum í 3 nætur. Aðbúnaður þar var allur til fyrirmyndar og kunnum við þeim bestu þakkar fyrir. Morguninn eftir kom Simmi og sótti okkur á rútu. Farið var í skoðunarferð um Eyjuna. Meðal annars var farið út í Stórhöfða og upp á hraun þar sem Gurrýrgaður var skoðaður. Þrátt fyrir rok var almenn ánægja með þessa skoðunarferð. Síðan var dagurinn frjáls og gerðu menn sér ýmislegt til skemmtunar.



Frá kvöldvöku áður en haldið var á Lundann og í Höllina.

Um kvöldið sáu félagar um að elda. Þegar líða tók á kvöldið fóru sumir að huga að dansskónum og gera sig tilbúna að fara út á líffið. Nokkrir fóru í Höllina þar sem aðaldansleikurinn var en aðrir fóru í



Íris þenur raddböndin í Klettshelli.

Lundann. Á sunndaginn vökuðu menn missnemma og mishressir en flest okkar skunduðu þó niður á höfn um hádegisdag þar sem títtnefndur Simmi tók á móti okkur og hélt af stað með okkur í siglingu. Siglt var meðfram Eyjunni og var það hin besta skemmtun. Meðal annars var siglt inn í Klettshelli og þar söng Íris til að prófa hljómburðinn. Eftir ferðina tylltum við okkur niður á kaffhús við höfnina og fengum okkur veitingar. Síðan fóru flestir að kynna sér dagskrá sjómannaheglinga. Mjög gaman var að skoða þau söfn sem voru opin um sjómannaheglinga. Um kvöldið var grillað og tókst það að sjálfsögðu vel eins og við var að búast. Á mánudaginn var farið að skoða Kertaverksmiðjuna og Ísfélagið og endað var á ritstjórnarfrétt, þar sem tekinn var mynd af hópnum. Ekki mátti þó skilja við Eyjarnar fyrr en búíð var að kíkja í fataverslanir á staðnum og gerði t.d einn félagi mjög góð kaup á sokkum í einni versluninni. Siglingin heim á leið gekk síðan mjög vel og var gott í sjóinn og enginn sjóvekur að best er vitað.

Að lokum vill greinarhöfundar taka fram að ferð þessi þótti takast hið besta og voru menn almennt mjög ánægðir að ferð lokinni.

Þorsteinn félagi í Klúbbnum Geysi.

Leiðtoganámskeið

Dagana 9. og 10. júní var haldið leiðtoganámskeið í klúbbnum. Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri í Garðarbæ var leiðbeinandi. Farið var yfir ýmsa þætti sem einkenna góða leiðtoga og hvernig best er að virkja leiðtoganann í sjálfum sér. Efni námskeiðsins var miðað við þarfir klúbbfélaga, þannig þeir gæti unnið með sjálfa sig í framhaldinu. Var mjög góð mæting og fólk almennt ánæggt með námskeiðið.



Hress hópur á leiðtoganámskeiði.

Garðvinna í Dvöl ?

Eins og sagt var frá í síðasta tölublaði Litla Hvers, var klúbbnum boðið að taka að sér garðvinnu í Dvöl í Kópavogi. Hópur úr Geysi hefur farið 4 sinnum til að sjá um almenna garðvinnu. Garðvinnan hefur komið skemmtilega á óvart. Þó er alltaf pláss fyrir fleiri. Garðyrkjuhópurinn skorar á félagar að taka þátt.

Áhugasamir hafi samband við Tótu S.



Kynningar fyrir nýja félagar eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00

Styrkur frá Nordplus

Sótt var um styrk til Nordplus vegna fyrirhugaðrar vinnuferðar til klúbbhúss í Stokkhólmi. Okkur var veittur styrkur upp á 30.000 danskar krónur (um 350.000 íslenskar krónur). Styrkurinn verður nýttur til gistingar og uppihalds í vinnuferðinni til Stokkhólms í október.

Fréttir af húsfundum í júní

Sú nýjung hefur verið tekin upp að birta helstu niðurstöður húsfunda í hverjum mánuði fyrir sig í Litla Hver.

01.06: Hundahald ekki leyft á 2. hæð.

02.06: Ákveðið að alltaf skuli vera einhver í móttökunni á meðan á fundum stendur.

09.06: Samþykkt tillaga um skilyrði sem félagar þurfa að uppfylla fyrir ráðstefnu í Malmö, sept. 2004.

14.06: Samþykkt tillaga um skilyrði sem félagar þurfa að uppfylla fyrir vinnuferð í klúbbhúsi í Stokkhólmi.

16.06: Nýtt fyrirkomulag húsfunda, hver deild segir frá því sem gerst hefur síðastliðna viku og hvað er framundan.

21.06: Þórunn Sveinbjarnardóttir færði klúbbnum bækur og tölvu að gjöf.

23.06: Viðhaldsdeild hefur sett upp tölvu í eldhúseild sem ætluð er fyrir bókhald og önnur verkefni. Í síðustu viku var gott veður og lá eldhúseildin ásamt fleirum í sólbaði þegar rólegt var. Verið er að kanna möguleika á námskeiði í austurlenskri matargerð í eldhúseildinni. Í skrifstofudeild er verið að undirbúa enskt fréttablað fyrir utanlandsferðir og nýtt tölublað Gossins er í bígerð.

28.06. Ákveðin félagsleg dagskrá í júlí.